


Efni: Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2024



Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn og nú leitum við til ykkar. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotþola er ókeypis.

Árið 2022 leituðu 910 einstaklingar til Stígamóta sem brotþolar kynferðisofbeldis. Þar af voru 397 að koma á Stígamót í fyrsta skipti. Síðan Stígamót voru stofnuð árið 1990 hafa um 10.000 einstaklingar leitað til okkar en síðustu ár hefur orðið mikil aukning í ásókn og rekjum við það til þess að umræða hefur opnast um kynferðisbrot og afleiðingar þess.

Lítið gekk að vinna niður biðlista en 235 einstaklingar voru á biðlista í lok ársins 2022. Við höfum bætt við stöðugildi ráðgjafa á þessu ári til að vinna niður biðlista, auk sumarstarfsfólks. Heildarfjöldi viðtala árið 2022 var 3.342 á árinu og alls voru reknir 10 sjálfshjálparhópar fyrir brotþola ofbeldis. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Einnig veitum við aðstandendum stuðning og bjóðum upp á para- og fjölskylduráðgjöf, en í fyrra sótti jafnframt metfjöldi aðstandenda viðtöl eða 124 einstaklingar. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Árið 2022 opnaði Stígamót nýja þjónustu sem heitir *Sjúkt spjall* en það er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni 13-20 ára um sambönd, samskipti og ofbeldi. Stígamót fóru af stað með forvarnaverkefnið *Sjúk ást* fyrir tæpum sex árum síðan og var það alveg ljóst að samhliða því vantaði lágþröskuldaþjónustu fyrir ungmenni þar sem þau gætu tjáð sig um reynslu sína í trúnaði. Sjúkt spjall svarar því ákalli en frá opnun í mars 2022 hafa um fimm hundruð ungmenni alls staðar af landinu haft samband, meirihlutinn vegna reynslu af ofbeldi. Þau lýsa mörg grófu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og við sjáum líka skýrt mynstur ofbeldis í nánum samböndum þrátt fyrir mjög ungan aldur.

Þrátt fyrir að ráðgjafarþjónusta Stígamóta sé fyrir 18 ára og eldri þá sýna tölur okkar, sem við höfum safnað í 33 ár, að 70% okkar fólks varð fyrir kynferðisofbeldi í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur. Það kemur okkur því ekki á óvart að mikil þörf sé fyrir Sjúkt spjall. Það er þó sláandi að sjá hvað ungmennin eiga oft erfitt með að skilgreina reynslu sína sem ofbeldi og hvað þeim þykir erfitt að segja frá í nærumhverfi sínu – þannig sitja þau oft ein árum saman í skómm, sektarkennd og þögn. Sjúkt spjall getur orðið þeirra fyrsta skref til að rjúfa einangrunina og fá aðstoð.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu,
Drífa Snædal, talskona Stígamóta